

Víðidalstunga II: Fréttir sumarið 2010

Stefnt er á að taka saman fréttayfirlit, kannski tvisvar á ári, og hér kemur yfirlit sumarsins 2010. Tíminn flýgur áfram eins og hann er vanur að gera. Það verða komnar stóðréttir áður en maður veit af en það er alltaf tilhlökkunarefni að fá trippin heim af Víðidalstunguheiði á haustin.

Að þessu sinni voru um 200 trippi í rekstrinum sem fór fram þann 27.júní s.l. Þetta voru hópar frá nokkrum bæjum en heildarfjöldi á heiðinni er auðvitað meiri. Það er að verða vinsælla að reka fram á vesturheiðina eða svokallaðar tungur. Áður voru fleiri hross rekin á austurheiðina. Hefðin hefur verið sú að þeir sem búa austan við Víðidalsá reka fram að austan en hinir að vestan. Það er að breytast svo það gæti orðið stærri hópurinn sem kemur af tungunum í haust..... spennandi, en eins og venjulega verður stóðréttin fyrsta laugardag í október.



Það var minna riðið út framan af sumri eins og við var að búast vegna árans hestapestar. Þó voru 5 hross frá okkur lánuð í ferðir sem voru á vegum Steinbjörns Tryggvasonar. Það voru Auður, Kraftur, Prins, Kórall og Sóldögg. Þessi hross eru reynslunni ríkari eftir 700 kílómetra trimm í sumar og stóðu sig vel sem túristahestar.

Þau eru öll til sölu hjá okkur – svo ef einhverjum vantar góð reiðhross með reynslu þá endilega að hafa samband.



Kraftur, Auður, Prins, Kórall og svo Sóldögg flotta, komin heim og sjálfsagt hvíldinni fegin.

... og fleiri fréttir

Í Júní kom Kardináli heim úr tamningunni hjá Agnari og Birnu í Staðarhúsum til að sinna hryssunum á bænum. Tamningin gekk vel og til stóð að sýna hann í kynbótadómi en hestapestin kom í veg fyrir að það gengi upp. Kardináli er fallegur og geðgóður hestur með frábært tölt. Hann er undan Abbadís frá Síðu og Hágangi frá Narfastöðum eins og áður hefur komið fram hjá okkur. Folöldin undan honum eru einstaklega róleg og yfirveguð.

Margar þýskar stelpur skrifa okkur og vilja komast í sveit á Íslandi. Ein þeirra er hjá okkur núna í ágúst. Hún heitir Marie og stendur sig mjög vel í að ríða út og þjálfra hrossin. Hér er hún að heilsa upp á Kardinála í hólfinu þar sem hann er með hryssurnar sínar.




Kardináli 4v, fallegur og faxprúður eins og pabbinn.



Ísólfur Líndal sýndi Aþenu í kynbótadómi þann 15. júlí. Hún stóð sig ágætlega og fékk 7,82 í aðaleinkunn – 8,04 í byggingu og 7,68 fyrir kosti. Vægi einkunna í kynbótadómi er eins og flestir vita ekki hagstætt klárhrossunum en Aþena er háheng klárhryssa með mikla útgeislun og erum við stolt af henni. Hún er með 8,5 fyrir feгурð í reið, 8,5 fyrir tölt og hægt tölt og erum við afar ánægð með það.

Hún er nú fylfull við Kappa frá Kommu.



Ísólfur Líndal og Aþena í dómi. Báðar myndir: Lækjamót

Ingvar að prófa Aþenu við heimkomuna.



Fylfullar hryssur og folöld sumarsins ...

Nokkrar hryssur eru nú með staðfest fyl. **Náttdröfn** er fengin við Gamm frá Steinnesi og af fenginni reynslu af þeirri blöndu þá væntum við mikils af því afkæmi í framtíðinni. **Sök** er sónuð fylfull við Brenni frá Efri Fitjum sem er ungfóli undan Krák frá Blesastöðum og Ballerínu frá Grafarkoti. **Plata**, móðir Aþenu, var hjá ungfóla undan Álfi frá Selfossi og Kjarnorku frá Kommu, sá heitir Kapall og var hér í hólfi með hryssurnar sínar. **Hrund** var aftur á móti hjá gömlum reynslubolta, honum Huginn frá Haga. Það er Christiane Thews sem fékk að halda Hrund í sumar.

Að lokum eru nokkrar myndir af flottustu folöldum sumarsins.



Sonur Kórónu og Tenórs frá Túsbergi.



Sonur Plötu og Arðs frá Brautarholti.